

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupstað (II)



<b>Dags eftirlits</b>	17.4.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þórarinn Oddsson	<b>Staðsetning</b>	746679,901	526059,294

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Stöð 1 og stöð 2 standa nánast hlið við hlið, einungis lýsisgeymar SVN standa á milli þeirra. Umhverfisstofnun hefur borist ósk félagsins um að starfsleyfi stöðvanna verð sameinuð í eitt og félagið er nú þegar með sameiginlega rekstrarhandbók fyrir báðar stöðvarnar. Skráningar í rekstrarhandbók var í góðu lagi.

Mæla á olíuleifar í frárennsli olíuskilju árlega, niðurstöður mælinga fyrir 2013 skulu berast stofnuninni á árinu.

Einn geymir er í stöðinni undir MD-olíu. Geymirinn var botnþykktarmældur árið 2004 og styrktur árið 2009 þegar Olíudreifing ehf. keypti stöðina. Að ári er því komið að botnþykktarmælingu á geyminum.

Löndunarlögn og afgangslögn á milli stöðvar og bryggju voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Geymir og lagnir í góðu lagi.

Áfyllingarplan er ekki í notkun og því er áfylling á flutningabíla nú á bryggju. Við sameiningu stöðvanna mun öll áfylling á flutningabíla flytjast yfir á áfyllingarplan stöðvar nr. 1. Athuga þarf með að loka niðurfalli á áfyllingarplani stöðvarinnar sem ekki er í notkun til þess að draga úr sandálagi í sandfangi og olíuskilju stöðvarinnar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Ljúka þarf sameiningu stöðvanna þannig að áfyllinga á flutningsgeyma verði hætt niðri á bryggju.

Reykjavík, 24.05.2013

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.